

Persónuverndaryfirlýsing

Almennt

Fjölmenningarsetur, kt. 521212-0630, Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði, er annt um friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd alvarlega. Stofnunin leggur áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf.

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu má sjá hvaða persónuupplýsingum Fjölmenningarsetrið safnar um einstaklinga og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað þær eru geymdar lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli Fjölmenningarsetrið safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir persónuverndarlög).

Hvað eru persónuupplýsingar og vinnsla persónuupplýsinga?

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings, svo sem upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang, símanúmer, fjárhag, heilsufar, IP tölu og fleira. Í 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á persónuupplýsingum.

Með viðkvæmum persónuupplýsingum er átt við persónuupplýsingar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlögum s.s. upplýsingar um þjóðernisuppruna eða kynþátt, stjórn mála- og trúarskoðanir, stéttarfélagsaðild, erfðagögn, heilsu, kynlíf eða kynhneigð.

Með vinnslu persónuupplýsinga er átt við alla meðferð og notkun persónuupplýsinga svo sem söfnun, skráningu, varðveislu, breytingu eða eyðingu. Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er að finna nánari skilgreiningu á vinnslu persónuupplýsinga.

Hvernig vinnur Fjölmenningarsetrið persónuupplýsingar?

Hjá okkur fer vinnsla persónuupplýsinga fram á lögumætum grundvelli og í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Fjölmenningarsetrið gætir jafnframt að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg upprunalegum tilgangi vinnslunnar.

Fjölmenningarsetrið gætir að því að farið sé að eftirfarandi meginreglum:

- 1) Að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum hætti.
- 2) Að persónuupplýsingum sé einungis safnað í skýrum tilgangi.
- 3) Að ekki sé safnað meiri persónuupplýsingum en nauðsynlegt er.
- 4) Að persónuupplýsingar séu nákvæmar og uppfærðar þegar þörf krefur.
- 5) Að persónuupplýsingar séu ekki geymdar lengur en þörf er á.
- 6) Að gætt sé að öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi varúðarráðstöfunum.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Sjálfvirk ákvarðanataka er það ferli þegar tekin er ákvörðun með sjálfvirkum hætti án nokkurrar mannlegrar aðkomu. Slíkar ákvarðanir geta verið byggðar á persónusniðum, þ.e. þegar persónuupplýsingar eru notaðar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, o.fl. Dæmi um sjálfvirka ákvarðanatöku væri ef ákvörðun um lánveitingu í gegnum vefsíðu byggði eingöngu á lánshæfismati.

Ekki fer fram sjálfvirk ákvarðanataka við vinnslu persónuupplýsinga hjá okkur.

Um hverja safnar Fjölmenningarsetrið persónuupplýsingum?

Í starfsemi stofnunarinnar er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar.

Þær persónuupplýsingar sem stofnunin hefur undir höndum geta verið um starfsmenn þess, innflytjendur og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við.

Hvaða persónuupplýsingum safnar Fjölmenningarsetrið?

Undir öllum kringumstæðum leitast stofnunin við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Við söfnum og vinnum með eftirfarandi flokka persónuupplýsinga um umsækjendur, fyrrverandi og núverandi starfsfólk:

- grunnupplýsingar (nafn, heimilisfang, netfang o.fl.)
- andlitsmynd
- stéttarfélagsaðild
- bankaupplýsingar
- skattaupplýsingar
- upplýsingar
 - úr starfsúmsókn
 - úr ráðningarsamningi

- úr tímaskráningu
- um launagreiðslur
- um heilsufar
- úr tölvupóstssamskiptum
- um orlof
- um meðlagsgreiðslur
- um verkefnastöðu
- úr frammistöðukönnunum
- úr starfsmannasamtölum
- um ástæðu áminningar/uppsagnar
- úr um símanotkun (lengd og tímasetning símtala)
- um námskeiðssókn

Fjölmeningarsetrið safnar og vinnur með eftirfarandi flokka persónuupplýsinga um innflytjendur, flóttamenn og aðra erlenda ríkisborgara:

Fyrirspurnir

Við tókum á móti fyrirspurnum í gegnum tölvupóst, síma og eftir atvikum beint í persónu. Til að geta svarað fyrirspurnum og veitt ráðgjöf gæti stofnunin þurft að safna grunnupplýsingum (nafn, netfang, símanúmer, heimilisfang o.fl.) einstaklinga sem og þjóðerni.

Beiðni um aðstoð

Í þeim tilvikum sem Fjölmeningarsetrið veitir einstaklingum beina aðstoð þarf Fjölmeningarsetrið eftir atvikum að safna grunnupplýsingum og upplýsingum um þjóðerni, hjúskaparstöðu og dvalarleyfi viðkomandi.

Ráðgjöf

Fjölmeningarsetrið veitir sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum ráðgjöf, t.d. með varðandi ráðningar á erlendum starfsmönnum. Upplýsingar sem stofnunin safnar í þeim tilvikum er um að ræða grunnupplýsingar, upplýsingar um þjóðerni, hjúskaparstöðu, upplýsingar um vinnslu mála hjá stjórnvaldi og upplýsingar um dvalarleyfi.

Samningar um félagslega þjónustu

Fjölmeningarsetrið gerir samninga við flóttamenn um félagslega þjónustu. Í þeim tilvikum fær stofnunin upplýsingar um hvaða þjónustu viðkomandi hyggist nýta sér sem og grunnupplýsingar um hann. Unnið er með upplýsingarnar til að tryggja eftirfylgni í málefnum flóttamanna.

Móttaka einstaklinga með vernd

Þær upplýsingar sem Fjölmenningarsetrið safnar vegna hlutverks stofnunarinnar í samræmdu móttökukerfi einstaklinga með vernd, þ.e. erlenda ríkisborgara, sem hafa átt lögheimili á Íslandi í tvö ár eða skemur eða eru án lögheimilis og í sérstökum aðstæðum hér á land, eru grunnupplýsingar, þjóðerni, menntun, hjúskaparstaða, áfallasaga, heilbrigðisupplýsingar, fjölskylduhagur, fyrri atvinnuþátttaka og upplýsingar um hvaða þjónustu einstaklingar hyggjast nýta sér. Einnig safnar Fjölmenningarsetrið upplýsingum um vinnslu mála hjá stjórnvöldum og upplýsingar um dvalarleyfi. Stofnunin þarf að vinna upplýsingarnar til þess að geta staðsett viðkomandi í þjónustu hjá sveitarfélagi.

Endurgreiðslur til sveitarfélaga

Í þeim tilgangi að afgreiða umsóknir sveitarfélaga um vilyrði fyrir endurgreiðslu vegna fjárhagsaðstoðar við erlenda ríkisborgara, sem hafa átt lögheimili á Íslandi í tvö ár eða skemur eða eru án lögheimilis og í sérstökum aðstæðum hér á landi, skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, sbr. reglur nr. 520/2021, þurfum við að safna grunnupplýsingum, upplýsingum um ríkisfang, grunnupplýsingum um aðra fjölskyldumeðlimi, upplýsingum um komudag umsækjanda til Íslands og annarra fjölskyldumeðlima, ástæðu beiðni um aðstoð, stöðu umsækjanda gagnvart Útlendingastofnun og heildarfjárhæð sem farið er fram á.

Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga

Í því skyni að geta sinnt hlutverki sínu og veitt flóttamönnum og öðrum erlendum ríkisborgurum þjónustu þarf Fjölmenningarsetur að safna og vinna um þá upplýsingar.

Tilgangurinn með söfnun upplýsinganna er að:

- Geta efnt samningsskyldu, til dæmis við starfsmenn.
- Geta veitt ákveðna þjónustu, til dæmis við innflytjendur og flóttamenn.
- Gæta að lögmætum hagsmunum stofnunarinnar, til dæmis með eftirlitsmyndavélum í öryggis- og eignavörsluskyni.
- Uppfylla lagaskyldu.

Lagagrundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Stofnunin vinnur persónuupplýsingar aðallega á grundvelli lagaskyldu samkvæmt lögum nr. 116/2012 um málefni innflytjenda. Persónuupplýsingar eru einnig unnar um starfsmenn á grundvelli samningsskyldu og einnig á grundvelli lögmætra hagsmuna.

Hve lengi geymir Fjölmenningarsetrið persónuupplýsingar?

Stofnunin er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er stofnuninni óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið þeirra laga nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru skjöl í vörslum Fjölmenningarseturs afhent Þjóðskjalasafni Íslands að þrjátíu árum liðnum í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn, en skjöl og önnur gögn á rafrænu formi skulu afhent Héraðsskjalasafni þegar þau hafa náð fimm ára aldri.

Frá hverjum safnar Fjölmenningarsetrið persónuupplýsingum?

Stofnunin safnar persónuupplýsingum að meginstefnu beint frá einstaklingum sjálfum. Í einhverjum tilvikum fær stofnunin upplýsingar frá sveitarfélögum og atvinnurekendum einna helst í þeim tilgangi að geta veitt þeim aðilum ráðgjöf. Við fáum einnig upplýsingar frá Útlendingastofnun, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og öðrum opinberum aðilum í þeim tilgangi að para saman flóttamenn og sveitarfélög og til að tryggja að þeir fái viðeigandi og fullnægjandi þjónustu.

Hvenær miðlar Fjölmenningarsetrið persónuupplýsingum til þriðju aðila og af hverju?

Stofnunin miðlar persónuupplýsingum til þriðju aðila sem ráðnir eru af stofnuninni til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitenda, umboðsmanna eða verktaka. Í þeim tilfellum gerir stofnunin vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu þriðja aðila til að fylgja fyrirmælum stofnunarinnar um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Við miðlum einnig upplýsingum til þriðju aðila þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið

Stofnuninni er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Stofnunin gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Öryggi upplýsinganna

Fjölmenningarsetrið leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd

og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Felur það meðal annars í sér að aðeins þeir starfsmenn hafa aðgang að persónuupplýsingum sem þess þurfa starfs síns vegna.

Auk þess stuðlar stofnunin að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skal að öryggi persónuupplýsinga.

Réttindi einstaklinga

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta þeir einnig annarra réttinda, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá og réttar til að flytja eigin upplýsingar. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Samskiptaupplýsingar Fjölmenningsseturs

Nafn: Fjölmenningssetur

Kennitala: 521212-0630

Heimilisfang: Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður

Netfang: mcc@mcc.is

Persónuverndarfulltrúi

Hafi einstaklingar frekari spurningar um persónuverndaryfirlýsingu þessa geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúann okkar. Þetta eru samskiptaupplýsingarnar hjá honum:

Nafn: Dattaca Labs Iceland ehf.

Heimilisfang: Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík.

Netfang: dpo@dattacalabs.com.

Símanúmer: 517 3444.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Dragi einstaklingar í efa að Fjölmenningssetrið meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hafa þeir rétt til að senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Endurskoðun á þessari persónuverndaryfirlýsingu

Persónuverndaryfirlýsing þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða gerðar á því hvernig stofnunin vinnur með persónuupplýsingar. Verði breytingar gerðar á persónuverndaryfirlýsingu þessari verður tilkynnt um slíkt á heimasíðu stofnunarinnar www.mmc.is

Eftir að breytingar hafa verið gerðar á persónuverndaryfirlýsingu taka þær gildi þegar uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Síðast uppfær í september 2021